



Það var stuð og stemning í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í gær þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði. Þessir gestir létu ekki lofthæðslu stöðva sig og skelltu sér í fallturninn sem er hvorki meira né minna en tuttugu metra há. Með breyttum sóttvarnareglum sem tóku gildi á sunnudag er leyfilegur gestafjöldi í garðinum 800 hverju sinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Áhyggjuefni hve margir ánetjast morfínlyfjum

**VÍSINDI** Um helmingur sjúklinga sem gengist hafa undir hjartaaðgerð á Íslandi leysti út morfínlyf í kjölfar hennar og um tíu prósent þeirra héldu áfram að leysa þau út í meira en þrjá mánuði.



Martin Ingi Sigurðsson, prófessor í svæfinga- og gjörgæslulækningum.

Frá þessu var greint í niðurstöðum nýrrar rannsóknar sem birtist í alþjóðlegu tímariti bandarískra hjarta- og lungnaskurðlækna. Martin Ingi Sigurðsson, yfirlæknir í svæfinga- og gjörgæslulækningum, telur áhyggjuefni að morfínskyldum lyfjum sé úthlutað til lengri tíma. **SJÁ SIÐU 6**

## Sjálfstæðisflokkurinn með yfirburði í einkageiranum

Sjálfstæðisflokkurinn er með langmest fylgi hjá starfsmönnum í einkageiranum. Þetta sýna niðurstöður nýrrar skoðanakönnunar. Fylgi Samfylkingarinnar er mun meira hjá opinberum starfsmönnum en þeim sem starfa á almennum markaði.

adalheidur@frettabladid.is

**STJÓRNMÁL** Sjálfstæðisflokkurinn er langvinsælastur meðal þeirra sem starfa á hinum almenna vinnu- markaði en 29 prósent þeirra ætla að kjósa hann. Þetta sýna niðurstöður skoðanakönnunar sem Prósent framkvæmdi fyrir Fréttablaðið.

Næstvinsælasti flokkur einkageirans er Viðreisn með 12 prósentu fylgi og á eftir henni koma Piratar

29%

Starfsfólk fyrirtækja á almennum vinnu- markaði myndi kjósa Sjálfstæðisflokkinn í 29 prósentum tilvika.

með tíu prósent. Bæði Vinstri græn og Samfylking eru með níu prósentu fylgi hjá starfsfólki í einkageiranum.

Afstaða opinberra starfsmanna til stjórnmálaflokka er hins vegar mun dreifðari en afstaða starfsmanna í einkageiranum. Þannig segjast 18 prósent starfsmanna

hins opinbera ætla að kjósa Sjálfstæðisflokkinn, 17 prósent Samfylkinguna, 16 prósent Pirata og 16 prósent Vinstri græn. Ellefu prósent opinberra starfsmanna segjast ætla að kjósa Viðreisn og tíu prósent Framsóknarflokkinn.

Vinstri græn njóta hins vegar mests fylgis meðal þeirra sem starfa í þriðja geiranum, með örlítið forskot á Sjálfstæðisflokkinn. Vegna þess hve fáir svarenda könnunarinnar starfa í þriðja geiranum er óvarlegt að leggja mikið út af svörum þeirra.


Könnunin var send á könnunarhóp Prósent og svartími var frá 15. til 23. júlí. Í hópnum voru 2.600 einstaklingar á Íslandi, átján ára og eldri, og voru svör þeirra vegin eftir kyni, aldri og búsetu. Svarhlutfall var 52 prósent. ■



Verk Erlu á sýningunni á Höfn kallast á við verk Svavars Guðnasonar.

## Land, sköpun og litir á Hornafirði

**MENNING** „Ég ögra sjálfri mér með því að nota alla liti,“ segir Erla Þórarinsdóttir um verk sín á yfirstandandi sýningu í Svavarsafni á Höfn í Hornafirði. Verk hennar á sýningunni kallast á við verk Svavars Guðnasonar en þar teflir Erla málverkum sínum saman við Svavar á sýninguna ásamt Jóni Proppé sýningarstjóra. „Við valið höfðum við í huga að verk Svavars og mín myndu í sameiningu skapa heildræna sýningu.“ **SJÁ SIÐU 24**



**HVAR & HVENÆR SEM ER**  
Vefsýningarsalurinn okkar er alltaf opin!

• [www.hekla.is](http://www.hekla.is)

**HEKLA** • Laugavegur 170 • Sími 590 5000 • [www.hekla.is](http://www.hekla.is)



Í sumar er opið alla virka daga hjá HEKLU á Laugavegi og Kletthálsi en lokað er á laugardögum.



## Sumarið loksins komið í borginni

birnadrofn@frettabladid.is

**VEÐUR** Samkvæmt spá Veðurstofu Íslands fyrir komandi daga lítur úr fyrir að loksins sé komið sumar í höfuðborginni. Ingibjörg Jóhannesdóttir, veðurfræðingur á Veðurstofunni, segir mestu breytingarnar á veðrinu í Reykjavík felast í vindáttinni.

„Vindáttin er að breytast og þá breytist veðrið svo mikið. Það er búin að vera svo mikil sunnan- og suðvestanátt hérna með þoku en þetta virðist vera að breytast á morgun [í dag] og snýst í norðanátt,“ segir Ingibjörg.



### Á morgun má búast við 20 stiga hita í borginni.

Í dag má búast við norðaustanátt og hita á bilinu 8-16 stig. Hljást sunnan- og suðvestanlands. Um miðjan dag á morgun lítur út fyrir að verði 20 stiga hiti og sól í Reykjavík og ekki er spád rigningu í borginni það sem eftir lifir vikunnar.

Aðspurð um ástæðu þess að svo hlýtt sé í borginni með breyttri vindátt segir Ingibjörg skjól frá fjöllum í norðri eiga þar stóran þátt. „Í norðanátt hlýnar hér, en verður þó ekki alveg eins hlýtt og það verður fyrir norðan í sunnanáttinni.“ ■

## Heyskapur í Mývatnssveit



Heyskapur er kominn á gott skrið í Mývatnssveit og hvítu plastpokarnir farnir að hrannast upp á grasinu. Veðurspár benda til þess að verkið muni frá deginum í dag einkennast af kulda og bleytu. Vonandi kunna kindurnar að meta það sem bændurnir leggja á sig til að vinna heyið! **FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON**

## Janssen-fólk fær Pfizer eftir miðjan ágúst

urdurrr@frettabladid.is

**COVID-19** Þeir einstaklingar sem hafa verið bólusettir með bóluefni frá Janssen geta búist við því að fá boð í aðra sprautu með Pfizer eftir miðjan ágúst, samkvæmt Ragnheiði Ósk Erlendsdóttur, framkvæmdastjóra hjúkrunar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

„Við erum að skoða þetta en erum ekki búin að festa tíma,“ segir Ragnheiður en hún er núna í sumarfrí líkt og stór hluti starfslíðsins.

Byrjað er að skoða hvernig eigi að útfæra þessar bólusetningar en að ekki séu komnar nákvæmar leiðbeiningar frá Þórólfi Guðnasyni sóttvarnalækni.

Ekkert er til skoðunar að flýta bólusetningunum, samkvæmt



Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir hefur stýrt aðgerðum í Höllinni.

Ragnheiði, enda séu tilmæli frá sóttvarnalækni að ákveðinn tími liði frá því að fólk fær bóluefni frá Janssen og þangað til það fær bóluefni frá Pfizer.

Allir þeir sem fengu bóluefni frá Janssen fá boð í seinni sprautu frá Pfizer. Það er 52.871 einstaklingur. Þá er einnig ljóst að einhverjir áhættuhópar munu fá þriðja skammtinn af Pfizer á svipuðum tíma. ■

## Verslunarmannahelgi án útihátíða annað árið í röð

Að annað árið í röð verður lítið um verslunarmannahelgina vegna heimsfaraldursins og sóttvarnareglna. Ásgeir Guðmundsson segist hafa skipulagt Innipúkann með það í huga að hátíðinni yrði mögulega aflýst.

birnadrofn@frettabladid.is  
svava@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** „Þetta er hundleiðinlegt en svona er þetta bara,“ segir Ásgeir Guðmundsson, annar skipuleggjandi Tónlistarhátíðarinnar Innipúkans sem átti að fara fram í Reykjavík um verslunarmannahelgina. Annað árið í röð hefur helstu útihátíðum um verslunarmannahelgina verið frestað eða aflýst vegna kórónaveirufaraldursins.

Á miðnætti laugardagsins 22. júlí tóku gildi nýjar sóttvarnareglur hér á landi vegna faraldursins sem fela meðal annars í sér 200 manna samkomubann og styttað opnunartíma skemmtistaða. Skipuleggjendum útihátíða stóð því fátt annað til boða en að aflýsa hátíðarhöldum um komandi helgi.

„Í fyrri þurftum við að aflýsa með eins dags fyrirvara svo í ár fáum við aðeins lengri tíma ásamt því að við gerðum ráð fyrir því að þetta gæti gerst þegar við skipulögðum hátíðina,“ segir Ásgeir.

Þá segir hann að miðaeigendum standi til boða að fá miðann endurgreiddan innan ákveðins tímaramma. „Innipúkinn er ekki hagnaðardrífur hátíð svo að ef einhverjir óska þess ekki að fá miða sína endurgreidda skiptist sú upphæð sem eftir verður á milli listamannanna sem áttu að koma fram á hátíðinni,“ segir Ásgeir.

Flest þau sem standa að skipulagningu hátíða sem fram áttu að



Stefnt er að því að brekkusöngnum verði streymt beint á sunnudag klukkan 23 þrátt fyrir að engin verði Þjóðhátíðin um helgina. **FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM**

Í fyrri þurftum við að aflýsa með eins dags fyrirvara svo í ár fáum við aðeins lengri tíma.



Ásgeir Guðmundsson.

fara um helgina hafa sent frá sér tilkynningu um að dagskránni sé aflýst og hafa boðið gestum sínum endurgreiðslu eða inneign að ári liðnu.

Þjóðhátíðarnefnd hefur tilkynnt að hátíðinni verði mögulega frestað og Neistaflugi í Neskaupstað hefur verið aflýst. Unglingalandsmóti UMFÍ sem fram átti að fara á Selfossi hefur einnig verið aflýst og sama gildir um Síldarævintýri á Siglufirði, Sæludaga KFUK og KFUM í Vatna-skógi, fjölskylduhátíðina Eina með öllu á Akureyri og hátíðina Flúðir um versló.

Hátíðinni Norðanpaunk sem átti að fara fram á Laugarbakka um helgina hefur verið aflýst en haldin verður minni hátíð við Akranesvita á morgun, sú ber nafnið Krossfest. „Það er nóg pláss við Akranesvita til að halda 2m milli fólks, og við viljum eindregið hvetja ykkur til þess þó að það sé bara 1m regla samkvæmt lögum,“ segir á Facebook-síðu hátíðarinnar. ■

NÝBAKAÐ  
BRAUÐ  
ALLA DAGA

- Austurströnd 14
- Hringbraut 35

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30  
laugardaga 8.00 - 16.00  
sunnudaga 9.00 - 16.00  
www.bjornsbakari.is





# Sólbóð

## 25% afsláttur

**Alicante • Barcelona • Tenerife**

Nú er tækifærið til að framlengja sumarið og skella sér í Spánar-sólina í ágúst og september. Bókaðu flugið þitt á sumarafslætti fyrir miðnætti á morgun á **flyPLAY.com**. Hjá okkur er aukinn sveigjanleiki ef breyta þarf flugi og þú bókar draumaferðina áhyggjulaus. Borga minna. Leika meira!

**PLAY**

Gildir á flugi á völdum dagsetningum í ágúst og september 2021. Bókanlegt til miðnættis 28. júlí.



# Reykjavíkurborg skoðar hvort fresta þurfi Menningarnótt

thorvaldur@frettabladid.is

**REYKJAVÍK** Reykjavíkurborg skoðar nú hvort fresta þurfi Menningarnótt sem áætlað er að fari fram þann 21. ágúst næstkomandi. Þetta staðfestir Guðmundur Birgir Halldórsson, verkefnastjóri viðburða Menningarnætur.

„Það er klárlega í skoðun. Ákvörðunin sem slík, eins og í fyrra, er tekin í samtali við neyðarstjórn borgarinnar, sem er hópur fólks hjá borginni sem hittist reglu-

lega, þannig að það er smá fyrir- tæki að taka þá ákvörðun,“ segir Guðmundur.

Hann segir niðurstöðu vera að vænta í síðasta lagi á þriðjudaginn eftir verslunarmannahelgi en borgin hefur gefið sér frest þangað til vegna sumarleyfis starfsmanna.

Samkvæmt nýjum samkomutakmörkunum sem tóku gildi um síðustu helgi mega hámark tvö hundruð manns koma saman og fjarlægðarmörk miðast við einn metra. Reglurnar gilda til 13. ágúst



Frá Menningarnótt árið 2019.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

næstkomandi og fellur Menningarnótt ekki innan þess tímabils, ólíkt þeim stórhátíðum sem halda átti um verslunarmannahelgina og hefur nær undantekningarlaust verið aflýst.

Menningarnótt var aflýst í fyrra vegna samkomutakmarkana í fyrsta skipti í sögu hátíðarinnar frá stofnun hennar 1996.

„Það er neyðarstjórn sem tekur lokaákvörðun og hún er að fara að funda þannig að hún mun klárlega fara yfir málið,“ segir Guðmundur. ■



Grunnskólastarf hefst í flestum skólum mánudaginn 23. ágúst.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Leikskólar opni og skólar hefjist eftir settri áætlun

adalheidur@frettabladid.is

**SKÓLAMÁL** Áhrif faraldursins á skólabyrjun í haust liggja enn ekki fyrir. Samkvæmt svari menntamálaráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins er mat á því hvort skólahald geti farið af stað með eðlilegum hætti ekki farið í formlegt ferli.

„Við þurfum að sjá þróunina lengra fram í tímann áður en við getum farið að kortleggja eitthvað,“ segir Skúli Helgason, formaður skóla- og fristundaráðs Reykjavíkurborgar. Hegðun faraldursins hér á landi breytist oft með stuttum fyrirvara og ómögulegt sé að gera ráðstafanir svo langt fram í tímann.

Skúli nefnir þó að fylgst sé með stöðu mála á hverjum degi. Einnig hvað leikskólana varði en farið verður að opna þá flesta nú eftir sumarfrí. Skúli segir að áfram verði lögð áhersla á að halda skólum opnum en foreldrar verði upplýstir um stöðuna þegar nær opnun leikskóla og skólabyrjun dregur. Flestir skólar hefjist mánudaginn 23. ágúst.

Tæp 90 prósent landsmanna eru nú bólusett. Langflest börn á grunnskólaaldri eru þó óbólusett og hafa verið að smitast undanfarið. Yfir sextíu börn eru nú í eftirliti hjá Covid-göngudeild Landspítalans. ■

# Meirihluti kjósenda VG á önnur mið

Framsóknarflokkurinn endurheimtir töluvert af því fylgi sem fór til Miðflokksins í síðustu kosningum. Sjálfstæðismenn eru tryggastir sínum flokki en fylgi VG, Miðflokksins og Samfylkingar er á mikilli hreyfingu.

adalheidur@frettabladid.is

**STJÓRNMÁL** Innan við helmingur þeirra sem kusu Vinstri græn í síðustu kosningum myndi kjósa flokkinn aftur nú, ef marka má niðurstöður nýrrar skoðanakönnunar sem Prósent framkvæmdi fyrir Fréttablaðið.

Samkvæmt könnuninni ætla 49 prósent kjósenda VG að kjósa aðra flokka. Rúm 16 prósent þeirra velja Samfylkinguna, 12,4 prósent Sósíalista og rúm 11 prósent þeirra ætla að kjósa Pírata.

Kjösendur Sjálfstæðisflokksins eru tryggastir sínum flokki en yfir 80 prósent þeirra sem kusu flokkinn í síðustu kosningum myndu kjósa hann aftur og það sama má segja um kjösendur Framsóknarflokksins en 76 prósent kjósenda flokksins myndu aftur greiða honum atkvæði ef kosið yrði til þings í dag.

Kjösendur Miðflokksins eru hins vegar á leið aftur í Framsókn samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar. Aðeins 58 prósent kjósenda Miðflokksins myndu kjósa flokkinn í dag en 21 prósent þeirra myndi nú kjósa Framsókn.


Fylgi Samfylkingarinnar er einnig á mikilli hreyfingu en 59 prósent þeirra sem kusu flokkinn í kosningunum myndu gera það í dag. 13 prósent þeirra myndu greiða Pírötum atkvæði sitt og Viðreisn fengi 10 prósent. Þá segjast 6 prósent kjósenda Samfylkingarinnar myndu kjósa Sósíalista nú.

Píratar halda 73 prósentum af



Landsfundur Vinstri grænna var haldinn í vor undir yfirskriftinni Saman til framtíðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Fylgi flokka ef gengið yrði til kosninga í dag



sínum kjósendum en missa 11 prósent þeirra til Sósíalista.


Sósíalistar mælast nú með 6,1 prósent fylgi og fljúga á þing. Flokkurinn sækir fylgi sitt einna helst til Pírata, VG og Flokks fólksins.

Sjálfstæðisflokkurinn er með 23,6 prósent fylgi og hefur fylgi flokksins verið mjög stöðugt í könnunum sem gerðar hafa verið fyrir Frétta-

blaðið á kjörtímabilinu. Það sama má segja um Viðreisn sem er með 10,1 prósent samkvæmt könnuninni.

Vinstri græn mælast nú með tæp 12 prósent. Það er þó töluvert frá kjörfylgi síðustu kosninga þegar flokkurinn fékk 16,9 prósent fylgi. Þrátt fyrir að könnunin sýni mikinn fylgisflotta til annarra flokka,

## Hlutfall kjósenda í síðustu kosningum sem myndi kjósa sama flokk aftur nú



klípur VG einnig fylgi af öðrum, auk þess sem 11 prósent þeirra sem ekki kusu í síðustu kosningum velja nú VG.

Framsóknarflokkurinn er með 10,6 prósent fylgi og hefur náð kjörfylgi sínu eftir að hafa mælst töluvert undir því mestallt kjörtímabilið.

Píratar mælast nú með 13,3 prósent fylgi og Samfylkingin með 12,6 prósent. Miðflokkurinn rétt lafar á þingi samkvæmt könnuninni og fær ekki nema 5,6 prósent. Flokkurinn hefur ekki mælst lægri síðan í desember 2019, rétt eftir að Klausturmálið kom upp.

Flokkur fólksins er niundi flokkurinn sem nær á þing samkvæmt könnuninni, með fimm prósent fylgi.

Könnunin var send á könnunarhóp Prósent og svartími var frá 15. til 23. júlí. Í hópnum voru 2.600 einstaklingar á Íslandi, átján ára og eldri og voru svör þeirra vegin eftir kyni, aldri og búsetu. Svarhlutfall var 52 prósent. Frekari niðurstöður verða birtar í dag á frettabladid.is. ■



# ÍS BAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

# RAM 3500

**VERÐ FRÁ 7.421.210 KR. ÁN VSK.**  
**9.202.300 KR. M/VSK.**

**BREYTINGAVERKSTÆÐI ÍS BAND, SMÍÐSHÖFÐA 5, SÉRHÆFIR SIG Í BREYTINGUM Á RAM PALLBIFREIÐUM.**

**BJÓÐUM UPP Á 37" - 40" BREYTINGAPAKKA**

BÍLL Á MYND RAM 3500 LARAMIE SPORT MEGACAB MED 35" BREYTINGU



# WIZAR

## 20% AFSLÁTTUR



Verð frá

**167.920** kr.

**Verð áður 209.900** kr.

Gildir aðeins meðan birgðir endast.

**Wizar** hægindastóllinn sem Íslendingar elska.  
**Wizar** fyrir lífsins ljúfu stundir.

**Vogue**  
FYRIR HEIMILIÐ



# Vill skoða hvort íslenskar vörur séu seldar á hernámssvæðum

thorgrimur@frettabladid.is

**ÍSRAEL** Sema Erla Serdar, stofnandi BDS-hreyfingarinnar á Íslandi, tekur ákvörðun ísfyrirtækisins Ben & Jerry's frá því í síðustu viku, um að hætta að selja vörur sínar á landtökubyggðum Ísraels í Palestínu, fagnandi.

BDS stendur fyrir Boycott, Divestment and Sanctions og er

alþjóðleg hreyfing aðgerðasinna sem berjast fyrir viðskiptabanni á ísraelskar vörur vegna hernámsins í Palestínu.

„BDS-hreyfingin tekur til algjors viðskiptabanns og sniðgöngu gegn ísraelskum vörum en það byggist yfirleitt á sniðgöngu og banni á vöruinnflutningi þaðan og sérstaklega frá hernámssvæðunum. Við höfum hins vegar séð töluvert



Sema Erla Serdar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

færri dæmi á borð við þetta, að sölu á vörum á þessum svæðum sé hætt. En þetta er þó ákveðinn áfangasigur í þessari baráttu gegn því að það sé verið að stunda viðskipti á hernumdum svæðum.“

Þótt Sema segi þá nálgun að neita að selja innflutningsvörur á hernámssvæðunum óhefðbundna telur hún vert að skoða hvort íslensk fyrirtæki geti tekið

upp svipaða nálgun. „Við eigum í miklum viðskiptum við ísraelsk stjórnvöld sem við viljum náttúrliga að verði slitið hver svo sem birtingarmyndin er.

Við höfum ekki skoðað hvort það er verið að flytja íslenskar vörur akkúrat inn á hernumdu svæðin en ég held að það sé algjörlega ástæða til að skoða það nánar og bregðast við því ef svo er.“ ■



Mary Simon sór embættiseið í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Fyrst frumbyggja á landstjórástól

thorgrimur@frettabladid.is

**KANADA** Mary Simon tók við embætti landstjóra Kanada í gær og varð fyrst kanadískra frumbyggja til þess að gegna embættinu. Landstjóraembættið hefur staðið autt frá því í janúar, þegar Julie Payette sagði af sér vegna uppljóstrana um einelti á vinnustað í landstjóratíð hennar. Simon er Inúíti frá þorpinu Kuujuaq í norðausturhluta Québec. Hún hefur áður meðal annars verið sendiherra Kanada í Danmörku og sendiherra í málefnum norðurslóða en á þeim vettvangi tók hún þátt í stofnun Norðurskautsráðsins. Inúítanafn hennar er Ningiukudluk, en í innsetningarathöfninni sagði Simon að það þýddi „stjórnsöm, lítil, gömul kona“. ■

## Forsætisráðherra endurútnefndur

thorgrimur@frettabladid.is

**LÍBANON** Najib Mikati hefur verið falið stjórnarmyndunarumboð í Líbanon. Ellefu dagar voru liðnir frá því að Saad Hariri gafst upp á stjórnarmyndun, en hann hafði staðið í viðræðum þess efnis í rúmlega hálf ár.

Síðustu árin í landinu hafa einkennt af mótmælum, efnahagsörðugleikum og ofbeldi, sér í lagi eftir sprengingu í Beirút í fyrra. Útnefning Mikati þykir ekki svara háværu ákalli um að leitað verði út fyrir hina hefðbundnu stjórnmálaelítu til að koma á umbótum, en hann er milljarðamæringur og hefur tvisvar áður verið forsætisráðherra. ■

# Áhygguefni hve margir hafa ánetjast morfínlyfjum eftir hjartaskurðaðgerð

Um helmingur sjúklinga sem gengust undir opna hjartaaðgerð hérlandis leysti út morfínlyf eftir aðgerðina. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn.

thorvaldur@frettabladid.is

**VÍSINDI** Tæplega helmingur sjúklinga sem gengust undir opna hjartaaðgerð hér á landi leysti út morfínskyld lyf eftir aðgerð og tíu prósent þeirra héldu áfram að leysa slík lyf út í meira en þrjá mánuði. Þetta kemur fram í niðurstöðum nýrrar rannsóknar sem greint var frá í virtu alþjóðlegu vísindatímariti bandarískra hjarta- og lungnaskurðlækna. Rannsóknin náði til 925 sjúklinga sem gengust undir opna hjartaaðgerð á árunum 2005-2018 og má því áætla að hátt í fimmtíu manns hafi enn neytt morfínskyldra lyfja þremur mánuðum eftir aðgerð.

„Þetta er áhyggjuefni að því leyti að þessir sjúklingar taka ekki morfínskyld lyf í fyrri aðgerðum þannig að þetta er fólk sem er í raun og veru að hefja langvinna notkun morfínskyldra lyfja,“ segir Martin Ingi Sigurðsson, prófessor og yfirlæknir í svæfinga- og gjörgæslulækningum við Landspítala, sem leiddi rannsóknina ásamt teymi íslenskra og bandarískra vísindamanna.

„Það er meiri háttar mál að sjúklingar séu á langvinnri meðferð með morfínskyldum lyfjum. Það eru ekkert svo margir sjúkdómar sem gefa augljósa ástæðu til að vera á morfínskyldum lyfjum í langan tíma. Stundum bætist hreinlega við annað vandamál, stundum erum við að sjá að verkirnir eru illa meðhöndlaðir og þess vegna festist fólk á þessum lyfjum og þá er náttúrliga hættan að það verði til tvö vandamál, illa meðhöndlaðir verkir og svo fólk sem er orðið líkamlega háð þessum lyfjum og á erfitt með að hætta,“ segir Martin.

Hann segir morfínskyld lyf, einnig kölluð ópíóíðar, vera frábær til skammvinnrar verkjameðferðar en þau séu hins vegar mjög vandmeðfarin til langvinnrar meðferðar. Þá er nær ómögulegt að komast hjá því



Tíu prósent þeirra sem fengu morfínskyld lyf eftir aðgerð leystu þau enn út þremur mánuðum síðar. MYND/LILJA JÓNSDÓTTIR

Þessi lyf eru náttúrliga meðvirkandi í talsverðum fjölda dauðsfalla til dæmis í Bandaríkjunum



Martin Ingi Sigurðsson, prófessor í svæfinga- og gjörgæslulækningum.

að nota morfínskyld lyf við skurðaðgerðir því önnur lyf sem eru jafn öflug eru hreinlega ekki í boði.

Mikið hefur verið rætt um misnotkun morfínskyldra lyfja í Bandaríkjunum og hefur jafnvel verið talað um faraldur í þeim efnum vestanhafs. Aðspurður hvort læknar sjái slæmar afleiðingar af langvarandi notkun slíkra lyfja hér á landi segir Martin:

„Það er náttúrliga ákveðinn hópur fólks sem þróar með sér þol og að einhverju leyti fíknihegðun þannig að fólk þarf stærri og stærri skammta fyrir sömu virkni. Þessi lyf eru náttúrliga meðvirkandi í talsverðum fjölda dauðsfalla til dæmis í Bandaríkjunum. Lyfjaeitranir sem valda andlátum eru langofast af völdum morfínskyldra lyfja í Bandaríkjunum. Í vissum aldursflokkum, hjá yngra fólki sérstaklega, er það orðin algengasta ástæða þess að fólk deyr. Það eru tugþúsundir Bandaríkjamanna sem látast á hverju ári þar sem morfínskyld lyf koma við sögu.“

Rannsakendur mæla með ítarlegri eftirfylgd sjúklinga eftir útskrift með

tilitti til verkjaástands og að sjúklingar fái aðstoð við niðurröppun morfínskyldra lyfja í kjölfar hjartaskurðaðgerða. Martin segir mikilvægt að komast að því hvaða viðvörðunarmarkjum þarf að fylgjast með til að finna sjúklinga sem þurfa á aðstoð á halda og að áframhaldandi rannsóknir séu í kortunum.

„Það er áhugavert samstarfsverkefni í gangi á milli Landspítalans og Heilsugæslunnar um að styðja fólk í aðdraganda skurðaðgerðar og það væri náttúrliga rakið framhaldsverkefni að reyna að átta sig á því hvaða sjúklingar eru í áhættuhópi og á hvaða tímapunkti þarf að gripa inn í. Því auðvitað þurfa alls ekki allir einhver flókin úrræði.“

Með Martin stóðu að rannsókninni Arnar Bragi Ingason, sérnámslæknir í skurðlækningum, Tómas Guðbjartsson, prófessor og yfirlæknir á skurðlækningasviði Landspítala, Arnar Geirsson, prófessor og yfirlæknir á hjartaskurðeild Yale New Haven spítala, og Jochen D. Muehlschlegel, dósent í svæfingarlæknisfræði við Harvard-háskóla í Bandaríkjunum. ■

# Skipuleggja kröfugöngur um Texas í þágu kosningaréttinda

thorgrimur@frettabladid.is

**BANDARÍKIN** Baráttumenn fyrir kosningaréttindum í Texas hyggjast skipuleggja kröfugöngu í anda hinna frægu gangna sem Martin Luther King og stuðningsmenn hans fóru í frá Selma til Montgomery árið 1965. Kröfugangan er skipulögð af samtökunum Poor People's Campaign og er áætlað að hún muni hefjast í dag og standa fram á föstudag. Gengin verði um 43 og hálfs kílómetra leið frá Georgetown að ráðhúsinu í Austin, þar sem haldinn verði baráttufundur.

„Við verðum að skilja að árásir á kosningaréttindi eru árás á möguleikann á lýðræði,“ sagði William Barber, formaður Poor People's Campaign, í viðtali við VICE News. Tilfni kröfugöngunnar eru tvö frumvörp sem Repúblikanar á ríkisþingi Texas hafa lagt fram til að breyta lögum um framkvæmd kosninga í ríkinu. Repúblikanar segja lögin auka kosningaöryggi en gagnrýnendur þeirra telja þau hönnuð til að gera kjósendum, sér í lagi úr minnihlutahópum, erfiðara fyrir að greiða atkvæði.

Lagafrumvörpin í Texas eru



Mótmælendur fyrir framan þinghús Texas í Austin andmæla kosningalöggjöf Repúblikana.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

meðal fjölda lagasetninga sem þingmenn og ríkisstjórar Repúblikana um öll Bandaríkin hafa sett frá því að frambjóðandi flokksins, Donald Trump, tapaði endurkjöri í forsetakosningunum 2020. Fjöldi kannana sýnir að meirihluti Repúblikana treystir nú ekki framkvæmd kosninga í landinu þrátt fyrir að ekkert bendi til þess að kosningasvik hafi átt sér stað árið 2020.

Ýmis umdeild ákvæði er að finna í kosningalögnum. Meðal annars er flokkspólitískum eftirlitsmönnum veitt viðtæk heimild til að fylgjast með framkvæmd kosninga, bannað

er að greiða atkvæði út um glugga á bifreið, bannað er að hafa kjörstaði opna fyrir klukkan sex að morgni og eftir klukkan níu að kvöldi, auknar kröfur eru gerðar til þess að greiða megi utankjörfundaratkvæði, og refsivert er gert að senda kjósendum óumbeðin eyðublöð til að sækja um að fá að greiða póstatkvæði.

Demókratar í öldungadeild ríkisþingsins í Texas vöktu mikla athygli á lögnum fyrr í mánuðinum þegar þeir flúðu frá Texas til þess að koma í veg fyrir að hægt væri að halda þingfund með tilsettum fjölda þingmanna til að kjósa um frumvörpin. ■



**REXTON**

# **DULDIR HÆFILEIKAR AÐ HEYRA ÓSJÁLFRÁTT ÞAÐ MIKILVÆGASTA**



Lífið verður áskorun þegar heyrnin fer að skerðast. Allt frá stofnun fyrirtækisins árið 1955 hefur Rexton boðið upp á nýjustu tækni í heyrnartækjum. Þau hafa skilað ótal nýjungum og tæknilegum lausnum svo að þú getir treyst á góða heyrn. Með MotionCore® tækninni stilla heyrnartækin sig sjálfkrafa að hvaða aðstæðum sem er svo að þú getur reitt þig á Rexton. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.





# Nýr veruleiki



Björk  
Eidsdóttir  
bjork  
@frettabladid.is

Um liðna helgi var enn á ný tilkynnt um hertar samkomutakmarkanir. Eftir þróun síðustu daga og vikna kom það varla nokkrum á óvart þó að vonbrigðin hafi verið mikil. Rétt um mánaðarbil hafði þjóðin búið við frelsi frá íþyngjandi höftum vegna farsóttar Covid-19 og skyndilega virtust fjöldatakmarkanir, grimuskylða og skerðing á ferðafrelsi fjarlægur veruleiki.

Á meðan sólin var hæst á lofti skemmti þjóðin sér sem aldrei fyrr, þeir sem ekki treystu á íslenska sumarið flugu suður á bóginn og sleiktu sólina með sangríu í annarri og sólarvörn í hinni. Hinir sem eftir sátu fylltu veitinga- og skemmtistaði viðs vegar um landið, heim-sóttu bæjarhátíðir og nutu fegurðar landsins.

En Adam átti stutta viðkomu í Paradís og Ísland var ekki lengi veirufrítt. Veruleikinn er annar en við höfðum vonað og ljóst er að það dugir ekki og mun ekki duga að taka tímabundinn skell og ætla svo að snúa aftur til fyrra lífs.

Ríkisstjórnin hefur róð öllum árum að því að opna landið fyrir ferðamönnum og glæða ferðabjónustuna þannig lifi enda undir miklum þrýstingi frá forsvarsmönnum þess atvinnuvegar og tekjur sem af honum hljótaskat vissulega mikilvægar aðþrengdu þjóðarbuinu.

Þessa opnun landsins hefur okkur nú tvisvar sinnum verið boðið upp á og í bæði skiptin með ómurlegum árangri. Í fyrra skiptið var þjóðin og heimsbyggðin öll óbóluasett enda þá ekki til bóluefni gegn veirunni. Nú í síðara skiptið er sannarlega búið að bólusetja bróðurpart þjóðarinnar en ekki er komin mikil reynsla á þá vörn sem bóluefnin eiga að veita, og langt í frá búið að bólusetja heimsbyggðina.

Það varð fljótt ljóst eftir nýjasta afnám takmarkana og opnun ferðamannaflóðgátta, að þannig átti veiran greiða leið aftur inn í samfélagið og stefnum við nú hraðbyri inn í stærstu bylgju faraldursins til þessa. Við sem höldum að við værum í höfn. En ef rýnt var í „smáa lettrið“ þegar við fögnuðum síðasta áfangasigri mátti greina að bóluefnin veita vörn, en sú vörn er ekki fullkomin. Það er jafnframt staðreynd að á meðan aðeins lítill hluti mannkyns er bóluasettur hefur veiran rými og tíma til að stökkbreytast – og verða hæfari til að smita alla. Bólu-setta sem óbólu-setta.

Nýjasta þekkta afbrigði veirunnar, Delta-afbrigðið, er samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni það mest smitandi hingað til. Eins veldur það öðrum ein-kennum en fyrri afbrigði sem aðallega ollu hita, hósta og tapi á bragð- og lyktarskyni. Delta-afbrigðið veldur mikið frekar höfuðverk, hálseymslum, nefrennsli og hita. Það er því ljóst að við erum að berjast við glænýjan óvin þó svo að við þekkjum marga eiginleika hans.

Þetta er nýr veruleiki og hann mun ekki breytast í bráð. Hugmyndin um að hér verði efnahagurinn réttur við með því að fá til okkar erlenda ferðamenn er, í þessum nýja veruleika, í besta falli óskhyggja. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að opna hér allt upp á gátt kemur lóðbeint aftur í andlit ráðamanna og allra þeirra sem treystu á það útspil, því nú förum við úr því að vera grænt land í rautt. Ferðamenn streyma ekki til rauðra landa og þannig þurfum við hvort eð er að finna aðrar lausnir til að leysa úr efnahagsþrengingum þeim sem stór hluti atvinnulífsins býr nú við. ■

## ■ Halldór



## ■ Frá degi til dags

toti@frettabladid.is

### Síðasta vígið

Miðflokkurinn er að grisja lúpinubreiðu miðaldra, hvítu karla á framboðslistum sínum þannig að hroll setur og körlum langt út fyrir flokksraðirnar eftir að þingmaðurinn Þorsteinn Sæmundsson mátti lúta í gras fyrir Fjölu Hrund Björnsdóttur í öðru Reykjavíkarkjör-dæmanna. Örlög hans gáfu Guðmundi Jónasi Kristjánssyni, ritara Frelsisflokksins, tilefni til upphrópana á Facebook-vegg flokks síns hvar hann æðraðist yfir að „reyndum og þjóðhollum þingmönnum“ væri varpað fyrir borð um leið og hann spurði hvort fémínismi væri að yfirtaka Miðflokkinn.

### Ímyndarímynd

Þá greindi Guðbjörn Guðbjörns-son, stjórnslufræðingur og yfirtollvörður, „bullandi aldursfordóma“ í örlögum Þorsteins og tók formanninn Sigmund Davíð í tolli á Facebook með upprifjun á ummælum hans um „þessi agalegu ímyndarstjórnsmál“ þar sem fólk er alltaf metið út frá því hvaða hópum það tilheyrir. Guðbjörn segir Miðflokkinn nú einmitt, þvert á boðaða stefnu, stunda hreinræktuð ímyndarstjórnsmál með skilaboðum um að „eldgamlir 68 ára karlskarfar eigi ekki erindi á Alþingi, heldur eigi að vikja, halda kjafti og fara á eftirlaun.“ ■

## Stór mál sem bíða



Þorbjörg  
Sigríður  
Gunnlaugsdóttir  
oddviti Við-  
reisnar í Reykjavík  
norður.

Stefið hefur verið að við séum öll saman í þessu. Það sama á því miður við um efnahagslegar afleiðingar heimsfaraldurs; sem eru yfir þúsund milljarða króna ríkisskuldur. Svigrúm til að leysa skuldastöðu ríkissjóds er hins vegar minna hér á landi vegna verðbólgu, hærri vaxta og gengis-áhættu. Það gildir um ríkissjóð eins og um heimilin í landinu að vextir af lánum hafa mikla þýðingu um hina raunverulega stöðu. Eftir hrun skuldaði ríkissjóður Íslands til dæmis hlutfallslega helmingi minna en ríkissjóður Grikklands. Vaxta-greiðslur íslenska ríkisins voru hins vegar tvöfalt hærri en gríska ríkisins.

Verkefni ársins 2021 í efnahagsmálunum er það sama og 2020, það er að veita fólki og fyrirtækjum svigrúm til að komast standandi frá efnahagslegum afleiðingum heimsfaraldurs. Um leið þarf að leggja grunn að næsta kafla í sögu þjóðarinnar. Við sjáum hins vegar aftur mynd sem við þekkjum, vextir á húsnæðislanum fara hækkandi og ástæða er til að hafa áhyggjur af verðbólgu. Efnahagsmál snúast kannski fyrst og fremst um hið daglega líf fólks, að fólk geti gengið að atvinnu og að kostnaður við að búa sér og reka heimili sé fyrirsjáanlegur og viðráðanlegur.

Hvað fyrirtækin í landinu varðar hefur grundvallarþýðingu að geta gert áætlanir og að vissa sé um helstu útgjaldaliði. Til að svo geti orðið þarf stöðugan gjaldmiðil. Viðreisn hefur í því sambandi lagt til að fara sömu leið og Danir, það er að halda krónunni en tengja hana við evru. Það myndi tryggja atvinnulífi og almenningi fyrirsjáanleika sem mjög hefur vantað. Þögn annarra stjórn-málaflokka hvað varðar gjaldmiðilinn er í reynd afstaða um að festa fólk í kyrrstöðu.

Efnahagslegar afleiðingar heimsfaraldurs eru gríðarlegar. Lykilspurning stjórnmalanna er þess vegna hvernig auka á verðmætasköpun og um leið hver framtíðarsýnin er fyrir íslenskt samfélag. Framtíðarsýnin og leiðarljósið á að vera að íslenskt samfélag bjóði fólki gott líf á Íslandi, samkeppnis-hæf lífskjör. ■

## MATUR OG HEIMILI

### MEÐ SJÖFN ÞÓRÐAR

ÞRIÐJUDAGA KL. 19.00

**BONUS**



# Klæðlítill mannréttindabarátta



**Diljá Mist Einarsdóttir**  
hæstaréttar-  
lögmaður og  
aðstoðarmaður  
utanríkis- og  
þróunarsamvinnu-  
ráðherra.

Nýleg barátta berbrjóstá konu sem var vísað upp úr baðlóni sökum klæðleysis vakti mikla athygli og umræður. Einhverjir töldu að einka-fyrirtæki hlyti nú að vera frjálst að setja reglur um klæðaburð. Aðrir töldu að um grófa mismunun kynjanna væri að ræða. Lónið bar því við að reglur um klæðaburð væru af tillitssemi, þau væru að „taka á móti gestum alls staðar að“.

Auðvitað viðurkennum við öll að rekstraraðilar og eigendur geta sett gestum sínum og viðskiptavinum ákveðin skilyrði, hvort sem það lýtur að klæðaburði eða öðru. Til þess hafa þeir fullan rétt, svo lengi sem fólk er ekki mismunað þannig að fari í bága við lög.

Hver sem afstaða okkar er til þessa, er það í það minnsta frábært að hér séum við að taka svona slag í baráttu fyrir jafnrétti og gegn mis-munun. Jafnrétti mælist enda ár eftir ár mest í heimi hér á landi. Á sama tíma berjast fjölmargar konur um allan heim fyrir því sem okkur þykja orðið sjálfsögð réttindi, s.s. réttinum til að keyra og mennta sig.

”

Það er hvorki gest-risni eða umburðar-lyndi fylgið í því að gefa afslátt af þeim kröfum um jafnrétti og mannvirðingu sem við gerum alla jafnan.

Á Íslandi er staða mannrétt-inda góð í alþjóðlegum saman-burði. Eigum við langri og strangri baráttu þeirra sem ruddu brautina fyrir okkur það að þakka. Við erum flest meðvituð um jafnréttisbarátt-una og baráttuna gegn mismunun, enda stendur hún yfir og er hvergi nærri lokið. Og þegar berbrjóstá konu er vísað af baðstað, þegar trúarleiðtogi neitar að taka í hönd fréttakonu og hefur uppi hatursfull ummæli í garð samkynhneigðra eða merki um gyðingahatur er fest upp í glugga hjólaverslunar, vekur það harða andstöðu. Allir sem hér búa og hingað koma fá sömu skilaboð og lúta sömu kröfum. Það er hvorki gestrisni né umburðarlyndi fylgið í því að gefa afslátt af þeim kröfum um jafnrétti og mannvirðingu sem við gerum alla jafnan.

Önnur mikilvæg mannréttindi eins og til að mynda tjáningar-, athafna- og ferðafrelsi höfum við einnig öðlast fyrir tilstilli sumpart blóðugrar baráttu þeirra sem á undan komu. Sú barátta er að ein-hverju leyti eldri og farið að fenna yfir spor brautryðjendanna. Þá er hætt við að við verðum værukær. Við erum aldrei í eins mikilli hættu á að glata frelsinu og þegar við tökum því sem sjálfsögðu.

Fjölmiðlafrelsi er sömuleiðis burðarstoð í lýðræðisríkjum og hlutverk fjölmiðla gríðarlega mikil-vægt. Það er mikilvægt að fjölmiðla-menn standi undir þessari ábyrgð með gagnrýnni fréttamennsku

og upplýsingamiðlun og hlutverk þeirra takmarkist ekki við að miðla áfram yfirlýsingum og staðhæfing-um stjórnvalda. Þetta er sérstaklega mikilvægt á tímum upplýsinga-óreiðu og útbreidds og viðvarandi hræðsluástands.

Þegar gengið er mjög nærri borgaralegum réttindum og frelsi fólks yfir lengri tíma er ekki aðeins mikilvægt, heldur nauðsynlegt, að stöðug og opin umræða fari fram um nauðsyn skerðinga. Fyrir þeim



þurfa að vera vel ígrundaðar og veigamiklar ástæður og mikilvægt að öll sjónarmið komi fram. Ekki aðeins rök þeirra sem telja sig sjálfir nógu mikla sérfræðinga. Því vekja tilraunir til þöggunar sem bein-ast jafnvel að æðstu handhöfum framkvæmdavalds óhug. En ef við höfum eitthvað lært af sögunni þá er það það að stjórnvöld eru treg til að skila valdi sem þau hafa tekið sér og við þurfum að veita þeim stöðugt aðhald. Það er almannaeiðill. ■

„Ég kem með gítarinn“

Brandenburg | SIA

**Komdu með í ferðalag!**

Á ferdalag.is getur þú fundið allt það helsta um ævintýrin sem Ísland hefur upp á að bjóða.

ÍSLAND  
**KOMDU**  
**MEÐ**





Diaz bætti árangur sinn um eitt sæti frá Ólympíuleikunum í Ríó.

## Fyrsta gullið í sögu Filippseyja

kristinnpall@frettabladid.is

**ÓLYMPIULEIKAR** Hin þrítuga Hídi-lynn Díaz varð í gær fyrsta manneskjan frá Filippseyjum til að vinna til gullverðlauna á Ólympíuleikunum þegar hún sigraði í sínum þyngdarflokki í lyftingum í Tókýó. Á næstu Ólympíuleikum í París 2024 verða hundrad ár liðin frá því að Filippseyjar sendu fyrst þátttakanda á leikana en þetta voru elleftu verðlaun þjóðarinnar frá upphafi.

Díaz, sem keppir í flokki 55 kílóa og léttari, vann sinn flokk með sam-  
anlögðum lyftum upp á 224 kíló og bætti um leið heimsmetið sem var áður í eigu Liao Qiuyun frá Kína. Þetta voru fjórðu Ólympíuleikar Díaz sem vann til silfurverðlauna á Ólympíuleikunum í Ríó. ■

## Jón Axel leikur fyrir silfurliðið

kristinnpall@frettabladid.is

**KÖRFUBOLTI** Grindvíkingurinn Jón Axel Guðmundsson mun leika með liði Phoenix Suns í sumardeild NBA-deildarinnar þetta árið. Þetta kom fram á vef Körfunnar í gær sem og vef Sportnado í Bandaríkjunum. Þar fær Jón Axel tækifæri til að heilla forráðamenn Phoenix sem lék til úrslita í NBA-deildinni á dögnum en þurfti að horfa á eftir meistaratitlinum til Milwaukee Bucks.

Jón Axel var að ljúka fyrsta ári sínu í atvinnumennsku með Fraport Skyliners í þýsku úrvalsdeildinni. Þar áður lék Jón Axel með háskóliði Davidson Wildcats í Bandaríkjunum við góðan orðstír. Eftir að hafa verið valinn leikmaður ársins í A10-deildinni fékk Jón Axel boð um að koma á æfingar hjá Utah Jazz, Sacramento Kings og Charlotte Hornets.

Í sumardeild NBA fá leikmenn að minnsta kosti fimm leiki til að sannfæra félög um ágæti sitt. ■

# Berjast áfram á tvennum vígstöðvum

Bandaríska kvennalandsliðið í knattspyrnu heldur áfram að berjast á tvennum vígstöðvum samtímis en daginn fyrir annan leik liðsins á mótinu kærðu þær úrskurð þar sem kröfu þeirra í jafnlaunamáli er hafnað. Líkt og í aðdraganda HM 2019 geta þær fengið byr í seglin í baráttu sinni með gullverðlaunum á stærsta sviðinu.

kristinnpall@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Þrátt fyrir að leikmenn bandaríska kvennalandsliðsins væru staddir í annarri heimsálfu á stærsta íþróttaviðburði heims tilkynntu þær fyrir helgi að þær myndu ekki gefast upp í baráttu sinni fyrir sömu launum og karlaliðið fær. Þá sendi talsmaður kvennalandsliðsins, núverandi og fyrrverandi leikmanna, inn kröfu til áfrýjunardómstóls í Bandaríkjunum um að taka upp mál þeirra að nýju í ljósi þess að ekki hefði verið litið til þess hversu mun betri árangri þær hefðu náð en karlaliðið þegar málið var tekið fyrir í fyrra.

